

Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Selfoss, 9.11.2023  
UST202301-248/H.M.V.  
08.14.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 7. September 2023 - Norðurþing, Laugardalur**

Þann 7. september sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldri frávik sem samþykkt var fyrr á árinu. Þar voru fjögur frávik opin úr eftirlitum fyrri ára. Tvö frá árinu 2020, og vörðuðu þau úrgang sem búið var að urða, sem samræmdist ekki heimild starfsleyfis og var því frávik lokað með úrbótum. Annað varðaði sama frávik og kemur fram í eftirliti nú, þ.e. frávik frá gr. 4.3 í starfsleyfi og varðar að úrgangur í urðunarrein var ekki byrgður samdægurs með þekjuefni. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að grafa yfir það að vori 2023. Ekki hafa úrbætur vegna þess fráviks því gengið eftir.

Tvö önnur frávik úr eftirliti síðasta árs vörðuðu að athafnasvæði rekstraraðila var ekki í samræmi við starfsleyfi varðandi frágang. Var bætt úr því frávik og því frávik lokað. Seinna frávikid tengist skilum á niðurstöðum skráninga, og er því um sama frávik að ræða í eftirliti þessa árs. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að ráða nýjan starfsmann til að halda utan um skráningar og skil á skráningum hjá rekstraraðila. Ekki hafa úrbætur vegna þessa fráviks gengið eftir.

### **Fjögur frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal byrgður samdægurs með þekjuefni og skal einnig halda vinnslufleti í lágmarki hverju sinni. Við eftirlit voru nokkrir úrgangshaugar til staðar sem ekki var búið að þekja yfir.

2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar á innra eftirliti rekstraraðila liggja ekki fyrir.
3. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vakta stöðu og samsetningu grunnvatns eftir mælingaáætlun í starfsleyfi. Mælingar skulu fara fram einu sinni á ári, fyrir 1. október. Einnig skal hæð grunnvatnsborðs mæld tvisvar á ári, fyrir 1. maí og 1. október.
4. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Einnig skal senda afrit á heilbrigðisnefnd svæðisins. Skráningum vegna ársins 2022 hefur ekki verið skilað.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. nóvember 2023.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur